# Lög

**um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (stefnandi faðernismáls).**

---

1. gr.

1. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Stefnandi faðernismáls getur verið barnið sjálft, móðir þess eða maður sem telur sig föður barns enda hafi barn ekki verið getið með gjafasæði skv. 4. mgr. 6. gr.

2. gr.

1. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:

Dómsmál til vefengingar á faðerni barns geta höfðað barnið sjálft og móðir þess, einnig sá sem skráður er faðir barns skv. 2. gr. eða maður sem telur sig föður barns. Sé faðir eða sá sem taldi sig föður barns látinn geta þeir erfingjar hans sem ganga jafnhliða eða næst barninu að erfðum höfðað slíkt mál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 12. júní 2018.*